

## AÐALFUNDUR ORIGO HF.

Verður haldinn 21. mars 2023, kl. 14:00 í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37, Reykjavík

### Dagskrá fundarins

- Skýrsla stjórnar um starfsemi þess síðastliðið rekstrarár
- Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu
- Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og fyrir setu í undirnefndum
- Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
- Kosning stjórnar félagsins
- Kosning endurskoðanda
- Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipan tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
- Önnur mál

### Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en (i) 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 14:00 laugardaginn 11. mars 2023, eða (ii) viku eftir að endanleg gögn skv. 4. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995 hafa verið gerð tiltæk, hvort tímamarkið sem síðar kemur. Tillögur skulu berast á netfangið [stjorn@origo.is](mailto:stjorn@origo.is). Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

### Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins tveimur vikum fyrir fund, þ.e. frá og með 7. mars 2023 í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga og samþykktá félagsins skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynningar um framboð skulu berast á [stjorn@origo.is](mailto:stjorn@origo.is). Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Tillaga tilnefningarnefndar félagsins um samsetningu stjórnar er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipan tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 28. febrúar 2023  
stjórn Origo hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á heimasíðu félagsins, [www.origo.is](http://www.origo.is).

## Viðhengi

---

### AÐALFUNDUR ORIGO HF.